

# Lög

## um breytingar á ákvæðum ýmissa skattalaga.

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Hvers konar greiðslur skv. 1.–6. tölul. þessarar greinar sem inntar eru af hendi að gengnum úrskurði stjórnvalda, dómi, dómsátt eða öðru samkomulagi eftir að raunverulegu launatímabili lýkur.

### II. KAFLI

#### Breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhöfuð og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

##### 2. gr.

Í stað ártalsins „1999“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: 2004.

### III. KAFLI

#### Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

##### 3. gr.

Við 11. gr. laganna bætast sjö nýir töluliðir, 29.–35. tölul., sem orðast svo:

- |   |             |
|---|-------------|
| 29. Leyfi til reksturs fjarskiptaþjónustu   | 80.000 kr.  |
| 30. Leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets   | 20.000 kr.  |
| 31. Leyfi til reksturs pósthjónustu   | 80.000 kr.  |
| 32. Leyfi til sjónvarps   |             |
| a. til þriggja ára  | 96.000 kr.  |
| b. til fimm ára   | 160.000 kr. |
| c. til sjö ára  | 224.000 kr. |
| 33. Leyfi til hljóðvarps  |             |
| a. til allt að tveggja mánaða   | 3.000 kr.   |
| b. til eins árs   | 22.000 kr.  |
| c. til tveggja ára  | 44.000 kr.  |
| d. til þriggja ára  | 66.000 kr.  |
| e. til fimm ára   | 110.000 kr. |
| 34. Leyfi til útvarps á afmörkuðum svæðum, sem útvarpsréttarnefnd telur ná til innan við 10 þúsund íbúa: 50% af þeim fjárhæðum sem greinir í 32. tölul. og b–e-liðum 33. tölul. |             |
| 35. Leyfisbréf fyrir lífeyrissjóð   |             |
| a. skv. 25. gr. laga nr. 129/1997   | 50.000 kr.  |
| b. skv. 52. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997  | 30.000 kr.  |
| c. skv. 53. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997  | 10.000 kr.  |

## 4. gr.

Við 13. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 14. og 15. tölul., er orðast svo:

14. Skráning póstrekennda ..... 10.000 kr.  
 15. Skráning aðila sem veita fjarskiptaþjónustu ..... 10.000 kr.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo:

1. Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir 18–66 ára:

- a. Almenn gjald ..... 4.600 kr.  
 b. Fyrir skyndiútgáfu ..... 9.200 kr.  
 c. Fyrir neyðarvegabréf ..... 2.300 kr.

b. 2. tölul. orðast svo:

2. Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir aðra:

- a. Almenn gjald ..... 1.700 kr.  
 b. Fyrir skyndiútgáfu ..... 3.400 kr.  
 c. Fyrir neyðarvegabréf ..... 850 kr.

c. Við greinina bætast tveir nýir töluliðir sem orðast svo:

15. Fyrir ökuskírteini (fullnaðarskírteini) fyrir flokkana A, B, BE, C, CE, D og DE og til farþegaflutninga í atvinnuskyni ..... 3.500 kr.  
 16. Fyrir bráðabirgðaökuskírteini, ökuskírteini 65 ára og eldri og ökuskírteini fyrir flokkana M og T ..... 2.000 kr.

## IV. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.**

## 6. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Tekjum af bensíngjaldi skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun, að frá-dregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við álagningu og inn-heimtu gjaldsins.

## V. KAFLI

**Gildistaka.**

## 7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999, að undanskilinni 2. gr. laganna sem öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 20. desember 1998.*